

**Nd.**

**681. Nefndarálit**

[203. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 56/1973 um heilbrigðisþjónustu.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og borist umsögn landlæknisembættisins um það, sem er neikvæð.

Þá hefur form. rætt við heilbrigðisráðherra og flutningsmenn frv. um afgreiðslu málsins.

Leggur nefndin til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar í trausti þess, að sérstök athugun fari fram á milli þinga á óskum þeirra sveitarfélaga, sem æskja eftir heilsugæslustöðvum og frv. þar um verði lagt fyrir næsta þing.

Alþingi, 12. maí 1975.

Jón Skaftason,  
form., frsm.

Guðmundur H. Garðarsson.

Ragnhildur Helgadóttir.

Jóhann Hafstein.

Magnús Kjartansson.

Karvel Pálmason.

Þórarinn Sigurjónsson.